



Bandalag íslenskra listamanna *Federation of Icelandic artists*

Reykjavík, 29. október 2024

Til: Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis

Efni: Umsagnarbeiðni frá Alþingi vegna frumvarps til laga um breytingu á myndlistarlögum, nr. 64/2012.

Vísað er til umsagnarbeiðni frá Alþingi, dags. 16. október s.l., vegna frumvarps fimm þingmanna um breytingu á myndlistarlögum, nr. 64/2012. Bandalag íslenskra listamanna þakkar fyrir tækifærið á að veita umsögn um frumvarpið.

Fram kemur í greinargerð með frumvarpinu að frumvarpið hafi verið lagt fram á síðasta löggjafarþingi en ekki hlotið afgreiðslu. Að mati Bandalags íslenskra listamanna kunna að vera ástæður fyrir því, sem heppilegt er að skoða betur.

Að mati Bandalags íslenskra listamanna er frumvarpið illa ígrundað og ætti af þeim sökum ekki að hafa verið lagt fram. Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að felld verði niður sú lágmarksfjárhæð sem veitt hefur verið til opinberrar listskreytingar um árabíl hér á landi. Um er að ræða ákvæði sem byggir á hefð sem fjármagnað hefur mörg af eftirminnileg listaverk í opinberum byggingum hér á landi, hvort sem litið er til sjúkrahúsa, háskóla eða annarra opinberra bygginga sem reistar hafa verið á kostnað íslenska ríkisins. Um er að ræða grundvallarákvæði sem stuðlað hefur að framgangi listsköpunar í opinberum rýmum allt frá árinu 1982. Hvers vegna þetta er rétti tíminn til að afnema umrætt ákvæði úr íslenskum lögum er umsagnaraðilum hulið, enda lítið um það fjallað í greinargerð frumvarpsins.

Til marks um það hve knappur texti greinargerðarinnar er má nefna að þar er í engu tekið tillit til óbeinna afturvirkra áhrifa laganna og réttmætra væntinga listafólks sem nú þegar tekur þátt í samkeppnum sem tengjast listsköpun í opinberu rými. Líkt og höfundum frumvarpsins er líklega þegar ljóst, eða er í lófa lagið að átta sig á, er samkvæmt fjárlögum ársins þegar gert ráð fyrir að veita talsverðu fjármagni til nýbygginga á vegum ríkisins. Þó er óljóst af efni frumvarpsins hvernig meðhöndla skuli þau mál sem þegar eru í farvegi, t.a.m. í gegnum samkeppni vegna opinberra rýma eða þar sem fjárhagsáætlanir gera ráð fyrir fjárfestingum í listaverkum. Þó hefði verið hægðarleikur að vinna að slíkum álitaefnum samhliða gerð fjárlaga, ef raunverulegur vilji stæði að baki frumvarpinu.

Það er mat Bandalags íslenskra listamanna að þær hugmyndir sem frumvarpið leggur fram séu úreltar í íslensku samfélagi. Gæði listaverka eru aldrei byggð eingöngu á huglægu mati, að því leyti til að fagurfræðilegt mat séu einungis persónuleg skoðun hvers og eins.

Ritskoðun á list í ríkjum þar sem lýðræði og frelsi á undir högg að sækja, fjárhagslegt mat á gildi listaverka og listrænt mat sem ýmist er unnið í söfnum, meðal listfræðinga, í galleríum, hjá söfnurum, listunnendum eða í krafti listsögunnar – allir þessir þættir hafa margdæmt þetta álit um persónulega skoðun hvers og eins úr leik. Listrænt gildi verka er æðra og annars eðlis en fjárhagslegt gildi eða stjórnmálaleg staða hversdagsins. Þetta er staðreynd, sem gengur gegn hugmyndafræði frumvarpsins.

Þá bendir Bandalag íslenskra listamanna á að sú reikniregla sem vísað er til í frumvarpinu, þ.e. um lágmarksframlag til listskreytinga upp á 1% af byggingarkostnaði, hefur verið lögfest allt frá árinu 1982. Lögfestingunni var ætlað að taka á álitaefnum um það hversu mikið ætti að verja til listskreytinga í mörgum, flóknum álitaefnum tengt hverri opinberri framkvæmd fyrir sig. Vandséð er hvernig sú lausn að fella lágmarksfjárhæðarmarkið niður muni leiða til þess að auðvelda framkvæmd listskreytinga til framtíðar litið, sem nógu erfið var fyrir, enda engir mælikvarðar í frumvarpinu um það hvað stuðst skuli við við listskreytingar í opinberum byggingum ef til samþykktar frumvarpsins kæmi.

Sú listskreyting sem þegar fer fram á vegum ríkisins í opinberum rýmum skilar nú þegar margvíslegum árangri að mati sérfræðinga í heilbrigðiskerfinu líkt og lýst er í umsögn Sambands íslenskra myndlistarmanna í umsögn við frumvarpið.

Af þessum sökum lýsir stjórn BÍL yfir andstöðu við þetta frumvarp.

Stjórn BÍL lýsir sig að sama skapi reiðubúið að veita þeim þingmönnum sem lagt hafa fram frumvarpið leiðsögn um listskreytingu í opinberu rými sem unnin hefur verið hér á landi á undanförunum árum.

Virðingarfyllst,



Forseti Bandalags íslenskra listamanna



LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS
Iceland University of the Arts

Dagsetning: 29.október 2024
Höfundur: Kristín Eysteinsdóttir, rektor Listaháskóla Íslands
Viðtakandi: Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
Efni: Umsögn varðandi 16.mál – Myndlistarlög (framlag listaverka í nýbyggingum)

Umsögn um tillögu að breytingum á myndlistarlögum.

Myndlistarlög eru lagarammi sem hefur það skilgreinda markmið að efla íslenska myndlist og búa henni hagfelld skilyrði. Lögin setja einnig skilyrði fyrir aðgengi almennings að myndlist í opinberum byggingum. Í 14.grein laganna er kveðið á um að verja skuli að lágmarki 1% af heildarbyggingarkostnaði nýbygginga til listaverka en með þessu ákvæði er gengist við mikilvægi þess að gera opinberar byggingar og umhverfi þeirra þannig úr garði að það sé aðlaðandi, áhugavert og tillit tekið til fagurfræðilega eiginleika þess. Þetta á við um hverskonar nýbyggingar, óháð notkun, stærð eða staðsetningu.

Með því að fella niður 14.grein laganna í heild sinni væri horfið frá skuldbindingu ríkisins og væri það augljós afturför og aðför að markmiði laganna sem er ætlað að standa vörð um íslenska myndlist og gera henni kleift að þrífast í landinu. Það hljóta einnig að vera almannahagsmunir að hið opinbera sé í fararbroddi þegar kemur að því að fegra umhverfi bygginga og glæða það listrænu lífi. Þetta er gert með því að gera ráð fyrir að ákveðið prósentuhlutfall af heildarkostnaði við gerð nýbygginga sér varið í gerð listaverka eins og gert er í núgildandi lögum. Með því hefur verið búið til gagnsætt og einfalt viðmið sem mikilvægt er að standa vörð um.

Með þessi sjónarmið að leiðarljósi leggjumst við eindregið gegn tillögu að breytingu á myndlistarlögum sem lögð hefur verið fyrir Alþingi og hér er til umsagnar.

Reykjavík 28.10.24

Umsagnaraðili: Stjórn Listskreytingasjóðs

Þingmál 16: Myndlistarlög (framlag listaverka í nýbyggingum).

Stjórn Listskreytingasjóðs hefur rætt frumvarp til laga um breytingu á myndlistarlögum.

Hlutverk stjórnar Listskreytingasjóðs er að veita ráðgjöf um fjárfestingar á listaverkum í opinberum nýbyggingum sem Framkvæmdasýsla – Ríkiseignir og einkafélög reisa og eru fjármagnaðar af ríkissjóði. Auk þess sinnir stjórnin umsýslu með sjóði sem ætlaður er til fjárfestingar í listaverkum fyrir aðrar opinberar byggingar skv. 13. grein myndlistarlaga.

Í myndlistarstefnu stjórnvalda til ársins 2030 sem samþykkt var á alþingi 2023 er kveðið á um List í opinberu rými – breytt skipulag og framkvæmd og er á ábyrgð Menningar- og viðskiptaráðuneytisins. Í aðgerðaráætlun stefnunnar er sértök aðgerð um þessar endurskoðun, Aðgerð 9.: Fyrirkomulag Listskreytingasjóðs verði skoðað í samráði við Myndlistarráð, Samband íslenskra myndlistarmanna, Myndlistarmiðstöð, Listasafn Íslands, Arkitektafélag Íslands og Framkvæmdasýsluna - Ríkiseignir.

Menningar- og viðskiptaráðuneytið hefur falið stjórn Listskreytingarsjóðs að leiða vinnu við umrædda endurskoðun og er sú vinna þegar hafin. Reiknað er með að endurskoðun ljúki síðla árs 2025 með tillögu til Menningar- og viðskiptaráðuneytisins með breytingum á skipulagi og framkvæmd við að koma fyrir list í opinberum nýbyggingum.

Vert er að hafa í huga að með orðinu listaverk er átt við listaverk og hluti sem fegra nýbyggingar og umhverfi þeirra. Þetta geta verið eiginlegir hlutar bygginga þar sem arkitektar, hönnuðir og listamenn vinna saman þar sem afraksturinn birtist í ásýnd bygginga og umhverfi þeirra. Á þetta sérstaklega við þegar um stórar og dýrar framkvæmdir er að ræða. Sem dæmi um slíkar byggingar má nefna Hörpu, Sjúkrahótel við Landspítala og Eddu hús íslenskra fræða þar sem 1% framlagið hefur verið nýtt af fagmennsku til að auka gæði nýbygginga.

Í greinargerð með frumvarpinu er nefnt að heildarbyggingarkostnaður nýbygginga geti verið hár og er nýr Landspítali sérstaklega tilgreindur í því samhengi. Framkvæmdasýsla – Ríkiseignir og einkafélög fara með þá fjármuni sem skilgreindir eru í lögum sem 1% framlag til listskreytinga í nýbyggingum á vegum ríkisins. Ekki má ætla annað en vel sé farið með þessa fjármuni og þeir nýttir af ábyrgð og skynsemi.

Stjórn Listskreytingasjóðs telur að skoða þurfi málflokkinn heilstætt áður en gerðar eru lagabreytingar á núverandi fyrirkomulagi og leggst því eindregið gegn frumvarpi þessu.

Fyrir hönd stjórnar Listskreytingasjóðs,
Kristján Steingrímur
Formaður stjórnar

Nefndasvið Alþingis
b.t. allsherjar- og menntamálanefndar
Smiðju við Tjarnargötu
101 Reykjavík



Reykjavík, 22. október 2024

Efni: frumvarp til laga um breytingu á myndlistarlögum, sbr. þingskjal 16-16. mál

Í IV. kafla myndlistarlaga er að finna ákvæði um listaverk í opinberum byggingum. Má þar nefna 13. gr. sem kveður á um að opinberar byggingar og umhverfi þeirra skuli fegra með listaverkum. Jafnframt er í 14. gr. mælt fyrir um skyldu hins opinbera til að verja að minnsta kosti 1% af heildarbyggingarkostnaði opinberrar nýbyggingar til listaverka í henni og umhverfi hennar

Allt frá því Listskreytingasjóður ríkisins var stofnaður, fyrir allmörgum áratugum síðan, og fram á þann dag að Myndlistarlög voru samþykkt á Alþingi árið 2013, hefur aldrei staðið við lögbundin framlög til sjóðsins. Sjóðurinn var felldur undir hin nýju lög og enn gildir sama hirðu- og dáðleysið í málefnum hans. Það er fyrst núna þegar umtal um að mögulega þurfi að standa við gefin loforð og fara eftir þeim lögum sem hafa verið sett, að það er komin tillaga um að fella þessi lagaákvæði út svo ekki þurfi að fara að þessum lögum. Rökin sem koma fram í frumvarsdrögum um að frelsa hendur ríkisins svo ekki þurfi að standa við lögin er fráleit hugmynd.

Félagsmenn í Myndhöggvarafélaginu í Reykjavík vilja vekja valdhafa fjármála og menningar til vitundar um mikilvægi þess að standa við lagabókstafinn í IV. kafla myndlistarlaga, þar sem fjallað er um listaverk í opinberum byggingum og á útisvæðum. Lögin eru samin af menningarlegum metnaði og lýsa skilningi á mikilvægi myndlistar í dagsdaglegu umhverfi landsmanna, en framkvæmdin lýsir frekar hirðuleysi og skilningsskorti.

Myndlistarmenn hafa margoft á undanförnum árum orðið vitni að því hvernig lögin hafa verið sniðgengin og tækfæri ekki gripin til að skapa myndlist í tengslum við nýjar og eldri byggingar á vegum ríkis og sveitarfélaga. Slíkt er enn að gerast, en á því uppbyggingarskeiði sem nú stendur yfir ætti fjöldi verkefna að vera í þróun og smíði víða um land. Þetta er jafnt

hagsmunamál almennings og myndlistarmanna og ríkis og sveitarfélaga og er einföld og ódýr leið til að bæta mannlíf og umhverfi.

Þrátt fyrir að vel megi heimfæra þessi mál til atvinnumála eða beinna fjárhagslegra hagsmunamála myndlistarmanna, hafa þeir í áranna rás látið þetta að mestu óátalið, en nú er mál að linni. Það er samhangandi hagsmunamál allra að myndlist sé sýnileg í umhverfinu; Listamenn eru það afl sem leggur fram hugmyndir sínar og úr þeim vinna þeir í samvinnu við fjölda aðila í samfélaginu. Í vinnu sinni mæta þeir arkitektum, pólitíkusum, verktökum, smiðum, verkamönnum og almenningi. En í aðgerðarleysinu nær listin ekki að vera sá samfélagsspegill sem hún gæti verið og/eða það fagurfræðlega framlag sem skipt getur sköpum í umhverfinu. Það er mikill beinn og óbeinn samfélagslegur skaði. Sú lítilsvirðing sem listinni og listamönnum er sýnd með þessari sveltistefnu vekur upp spurningar um metnað ráðuneytis og ráðherra til að vinna að þessu samfélagslega mikilvæga verkefni. Það er ómaksins vert að nefna að flestir ferðamenn koma hingað til lands vegna tveggja megin þátta: íslenskrar náttúru og menningar. Aðgengi allra að náttúruundrum á landinu hefur stórlega verið bætt á undanförunum árum, en það sama verður ekki sagt um aðgengi að myndlist eða nýsköpun á því sviði. Til þess höfum við Myndlistarlög að bæta þessi atriði og það þarf aðeins að standa við þau svo eitthvað jákvætt gerist í þessum efnum.

Að mati félagsmanna í Myndhöggvarafélaginu í Reykjavík er þjóðin að fara á mis við heilu kynslóðirnar af hæfileika- og hugmyndaríkum listamönnum með því að fara ekki að myndlistarlögum. Undir liggur atvinna fjölda vel menntaðra myndlistarmanna sem hefur metnað til að bæta umhverfi okkar allra með verkum sínum.

Með vísan til alls ofangreinds leggst Myndhöggvarafélagið í Reykjavík alfarið gegn tillögu frumvarpsins, þ.e. að 14. gr. myndlistarlaga verði felld brott.

Fyrir hönd Myndhöggvarafélagsins í Reykjavík,

Logi Bjarnason
formaður Myndhöggvarafélagsins í Reykjavík
Nýlendugötu 15
101 Reykjavík
mhr@mhr.is



Nefndasvið Alþingis
b.t. allsherjar- og menntamálanefndar
Smiðju við Tjarnargötu
101 Reykjavík

Reykjavík, 23. október 2024

Efni: frumvarp til laga um breytingu á myndlistarlögum (framlag til listaverka í nýbyggingum)

Í tilefni af frumvarpi til laga um breytingu á myndlistarlögum nr. 64/2012 (framlag til listaverka í nýbyggingum), sbr. þingmál nr. 16, 16. þingskjal á 155. löggjafarþingi 2024-2025, vill Myndstef – Myndhöfundasjóður Íslands koma að athugasemdum um frumvarpið.

Myndstef leggst alfarið gegn því að dregið sé úr framlögum til listaverka í nýbyggingum.

Frumvarpið er nú lagt fram í annað sinn, en Myndstef telur rétt að benda á að tillaga sú sem lögð er fram í frumvarpinu, um að fella brott 14. gr. laganna um lágmarksframlag til listaverka í nýbyggingum sem teljast til opinberra bygginga, gengur alfarið gegn markmiðum laganna. Frá því að lög um Listskreytingasjóð ríkisins voru sett árið 1981, hefur það verið gegnumgangandi markmið með ákvæðum um tilgreint framlag til listskreytinga í byggingarframkvæmdum, annars vegar að fegra opinberar byggingar og umhverfi þeirra með listaverkum, og hinsvegar að styðja við listsköpun með því að efla starfsgrundvöll listafólks í því skyni að auka eftirspurn eftir þjónustu listafólks. Rík áhersla er lögð á það í gegnum sögu listskreytingarsjóðs að efla þá vitund að líta beri á listskreytingu sem sjálfsagðan þátt í hverri nýbyggingarframkvæmd og litið á það sem brýnt menningarmál. Í núgildandi regluverki um listskreytingasjóð, þ.e. í frumvarpi því sem varð að myndlistarlögum nr. 64/2012 kemur einnig skýrt fram að megentilgangur með listskreytingarsjóði sé að efla myndlist í landinu og því sé hann sameinaður inn í myndlistarlög. Myndstef telur það ekki samræmast þeim markmiðum að fegra umhverfi almennings sem og markmiði að efla starfsumhverfi sjónlistafólks og myndlistarfólks, að draga úr stuðningi með því að fella út ákvæðið.

Myndstef telur að þörf fyrir stuðning við hinar skapandi greinar sé afar mikil, nú sem endranær. Myndstef er í beinum samskiptum við fjölda myndhöfunda og sjónlistafólk en Myndstef eru höfundaréttarsamtök og umsýslustofnun um höfundarétt. Aðildarfélög að Myndstefi eru 21 talsins og félagsmenn eru yfir 3000 talsins. Daglega leitar fjöldi listafólks til samtakanna um ráðgjöf tengda höfundarétti og listsköpun. Myndstef greiðir út réttindagreiðslur til myndhöfunda nokkrum sinnum á ári, en allt árið um kring er það ljóst að þörf fyrir stuðning við skapandi greinar er afar mikil. Það er undantekning, frekar en regla að myndhöfundar og sjónlistafólk geti lifað af listsköpun sinni og starfar því stór hluti myndhöfunda einnig við önnur störf. Þetta sést einnig glöggst ef tekið er mið af fjölda þeirra umsókna um styrkúthlutanir á ári hverju.

Loks verður að nefna að stuðningur við listsköpum og skreytingar opinberra bygginga skilar sér margfalt í þjóðarbúið. Í nýlegri skýrslu menningar- og viðskiptaráðuneytis „Framlag menningar og skapandi greina til verðmætasköpunar á Íslandi“¹ kemur fram að skatttekjur af menningu og skapandi greinum eru mun hærri en framlög hins opinbera til menningarmála. Tillögur skýrsluhöfundar eru að menning og skapandi greinar séu skilgreindar sem hluti af undirstöðuatvinnugreinum þjóðarinnar, með vísan til verðmætis þessa geira. Í skýrslunni kemur jafnframt fram að opinber fjárfesting einnar krónu í menningu og skapandi greinum verður að þremur krónum í hagkerfinu. Miðað við niðurstöður þeirra rannsókna sem liggja til grundvallar skýrslunnar, felst því alls enginn sparnaður í því að fella niður ákvæði 14. gr. myndlistarlaga.

Í samræmi við ofangreint telur Myndstef alls ekki ráðlegt að fyrirætlanir frumvarpsins nái fram að ganga og leggst gegn því að 14. gr. myndlistarlaga verði felld úr lögum. Það er mikilvægt fyrir alla íbúa landsins að umhverfi okkar sé fallet og uppbyggilegt, og það sama á við um öll þau sem sækja landið heim. Ætla má að hver einasti ferðamaður sem kemur til landsins elti uppi listaverk og merkar byggingar, taki af þeim myndir og dreifi á samfélagsmiðla. Sú menning og listskreytingar sem birtast í nærumhverfi okkar eru kjarni menningareinkennis okkar og því kallar Myndstef eftir auknum framlögum til sjónlistafólks og myndlistarfólks, en ekki að dregið sé úr þeim, líkt og frumvarpshöfundar leggja til.

Fyrir hönd Myndstefs – Myndhöfundasjóðs Íslands

Vera Sveinbjörnsdóttir
Framkvæmdastjóri Myndstefs
Myndstef – Myndhöfundasjóður Íslands
Skólavörðustíg 12
101 Reykjavík
Myndstef@myndstef.is

Járnsíða 1271; “...með lögum skal land vort byggja en eigi með ólögum eyða.”

¹ <https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/MVF/Menning%20og%20skapandi%20greinar%20%20c3%81%20c3%93%20c3%81.pdf>

Nefndasvið Alþingis
b.t. allsherjar- og menntamálanefndar
Smiðju við Tjarnargötu

Vegna frumvarps til laga um breytingu á myndlistarlögum

Við mótmælum frumvarpi til laga um breytingar á myndlistarlögum - Þingskjal 16 — 16. mál, þar sem lagt er lagt til að 14. grein um að 1% að lágmarki af byggingarkostnaði opinberra bygginga skuli varið í listaverk verði felld niður.

Vert er að benda á að því miður hefur þessu lagaákvæði alls ekki verið fylgt sem skyldi hér á landi og það sem vantar er miklu betra og skýrara utanumhald um að lögum um myndlist í opinberu rými/stofnunum sé framfylgt og fjármagnið sem 1% ákvæðinu er ætlað að skapa sé nýtt í það sem það á að fara í. Það er löngu tímabært og mjög áriðandi að Listskreytingasjóður eða önnur fagleg stofnun gegni því hlutverki að halda utan um þetta fjármagn og höfð sé umsjón með því í gegnum þann sjóð að fjármagna myndlist í opinberu rými/byggingum samkvæmt lögum.

Þess má geta að í þeim löndum sem við gjarna berum okkur saman við hefur lagaákvæðum um 1% reglu til listaverkakaupa eða listskreytinga verið fylgt um margra áratuga skeið. Á öllum norðurlöndunum eru stofnanir sem að gegna því hlutverki að sjá um að hlutfallsreglunni sé framfylgt og er það löngu orðinn sjálfsagður hluti af metnaðarfullri menningarstefnu ríkis og sveitafélaga að stuðla að því.

Sem dæmi má nefna hvernig málum er háttað í þessu efni í Svíþjóð. Þar eru stofnanir á vegum bæði ríkis og sveitafélaga sem hafa umsjón með myndlistarverkefnum sem 1% reglan skapar. Statens Konstråd /Public Art Agency Sweden hefur sinnt þessum málaflokki fyrir sænska ríkið frá árinu 1937. Krækja á heimasíðu - <https://publicartagencySweden.com/>. Til dæmis má benda á fjölda listaverka í nýbyggingu við Karolinska sjúkhuset í Stokkhólmi sem er verkefni hliðstætt nýja Landspítalanum og áhugavert að skoða í þessu samhengi. Þar eru ríflega fimmtíu sérúnnin og staðbundin listaverk sem eiga rætur sínar að rekja beint til byggingarkostnaðar vegna framkvæmdanna samkvæmt hlutfallsreglunni. Hér er krækja með umfjöllun til upplýsingar: <https://regionstockholmkultur.mediaflowportal.com/play/watch/1254938/>.

Annað dæmi er Uppsala Kommun í Svíþjóð - borg og sveitafélag með 245.000 íbúa og þannig á pari við höfuðborgarsvæðið hér. Þar er fastmótuð stefna um hvernig árlega er fjárfest fyrir 1% af byggingartengdum framkvæmdakostnaði í myndlist í opinberu rými og byggingum. Reiknað er meðaltal yfir þrjú ár af ólíkum byggingartengdum fjárfestingum bæjarfélagsins, 1% af því er sett til hliðar árlega fyrir stofnunina „Offentlig Konst Uppsala“ <https://offentligkonst.uppsala.se/> þar sem níu starfsmenn vinna við að sinna þessum málaflokki, úthluta verkefnum og sjá um fjármögnun þeirra auk þess að sinna viðhaldi á bæði nýjum og eldri listaverkum í opinberum byggingum og almannarými bæjarins. Uppsala er borg á stærð við Reykjavík, borg sem er að stækka mikið en er vissulega ekki höfuðborg.

Það er jákvætt að ljósi sé varpað á 14. gr. myndlistarlaga Íslands, en eins og dæmin að ofan sýna þá þurfum við frekar að varpa fram þeirri spurningu hvers vegna stjórnvöld hér hafa ekki metnað til að sinna þessu verkefni eins og hin Norðurlöndin og fjöldi annarra landa gera með glæsibrag heldur kjósa ráðamenn frekar að leggja til að greinin um hlutfall framkvæmdakostnaðar til fegrunar bygginga og umhverfis sé lögð niður.

Höfundar umsagnar: Olga Bergmann - myndlistarmaður & Carl Boutard - myndlistarmaður, dósent og fagstjóri bakkalárnáms við myndlistardeild LHÍ.



22. október 2024

Umsögn SÍM - Sambands íslenskra myndlistarmanna um framlag listaverka í nýbyggingum

Síðan Myndlistarlög voru sett árið 2012, en þau breyttu og skerptu á hlutverki og skyldum Listskreytingasjóðs Ríkisins, hefur ríkt almenn sátt um framkvæmd laganna og árangur með tilliti til fjármögnunar listaverka í opinberu rými. Núverandi frumvarp leggur til breytingar á lögnum. Þær breytingar snúa, eftir því sem greinargerð ber með sér, að því að skerða fjárveitingar til listskreytinga í Nýjum Landspítala. Við gerum alvarlegar athugasemdir við þessa lagabreytingu og lítum svo á að allur málatilbúnaður í þessa veru byggji á skammsýni og skorti á þekkingu á þessu sviði. Hér eru okkar helstu svör við atriðum greinargerðar:

Í þriðju efnisgrein er rakinn kostnaður við nýjan Landspítala og í kjölfarið segja flutningsmenn að samkvæmt sínu mati sé ekki hægt að réttlæta fjárveitingar upp á 2,1 milljarða króna til listaverkakaupa fyrir eina byggingu. Hér leggja flutningsmenn huglægt mat sitt til grundvallar og láta sem verkefnið sé minna en það er. Við viljum minna þingmenn á að fyrsti áfangi Nýs Landspítala hljóðar upp á fjórar byggingar alls og að þær eru engin smásmíði; heildarfermetrafjöldi eru meir en 111 þúsund fermetrar.

Í efnisgrein fjögur eru nokkrar fullyrðingar sem eru rangar. Þar segir: „Í fyrsta lagi hafa listaverkin hvorki áhrif á notkunarmöguleika byggingarinnar né þá starfsemi sem byggingin hýsir.“ Þetta huglæga mat flutningsmanna er rangt og byggir á vanþekkingu. Sérfræðingar í heilbrigðismálum geta staðfest að listaverk eru sérlega mikilvæg til þess að skapa ljölbreytt og lifandi umhverfi á sjúkrahúsum. Rannsóknir sýna að listaverk eru mikilvæg til þess (1) að draga úr streitu bæði sjúklilga og starfsmanna, (2) þau geta leitt til styttingar sjúkrahúsdvalar, (3) þau draga úr þörf á lyfjagjöf við þjáningu og efla þol við þjáningu, (4) þau eiga sinn þátt í að draga úr vandkvæðum eftir aðgerð og (5) hvetja til jákvæðra tilfinninga og skapa tilfinningatengsl sem styðja við bata. Það er því ljóst að ljárfesting í listaverkum hefur verulega jákvæð áhrif á „notkunarmöguleika byggingarinnar“ og „þá starfsemi sem byggingin hýsir.“

Í efnisgrein ljögur segir ennfreður: „Fagurfræðilegt mat er alltaf háð persónulegri skoðun hvers og eins og því ómögulegt að slá því föstu að tiltekið listaverk sé betra eða fegurra en önnur.“ Þessi fullyrðing er binlínis röng og jaðrar við atvinnurög. Fagurfræðilegt mat sérfræðinga byggir á mikilli þekkingu á gæðum, styrk og áhrifum listaverka. Þótt flutningsmenn tillögunnar viti ekki um hvað þeir eru að ræða er það kýrskýrt að sérfræðingar eiga auðvelt með að slá því föstu hvort „tiltekið listaverk sé betra eða fegurra en önnur.“ Fagnefndir Listskreytingasjóðs byggja á mikilli reynslu og sérþekkingu á þessu sviði. Grundvallað mat listfræðinga og myndlistarmanna er ávalt mikið betur rökstutt en illa rökstutt „álit flutningsmanna“ viðkomandi tillögu.

Í efnisgrein fimm segja flutningsmenn: „Í ljósi fjölbreytileika opinberra stofnana og mismikils byggingarkostnaðar nýbygginga er að mati flutningsmanna ekki hægt að láta eina reglu gilda um kaup á listaverkum.“ Hér erum við sammála flutningsmönnum, enda var það hugmyndin að baki texta laganna frá 2012 að það skuli verja að minnsta kosti 1% af kostnaði til listskreytinga. Lögin gera ráð fyrir því að ef aðstæður eru slíkar megi verja meir en 1% til listaverkakaupa. Við teljum því að lögin fullnægi þessari hugmynd flutningsmanna og, í ljósi mikilvægis listaverka á sjúkrahúsum, þætti ekki óskynsamlegt að Alþingi ályktaði að verja meir en 1% í listskreytingu vegna Nýs Landspítala, enda leiddi slík fjárfesting án efa til lækkunar á öðrum kostnaði við rekstur sjúkrahússins. Það er ljóst af texta laganna að 1% átti að eiga við þar sem minnst þörf væri talin á listskreytingum en að sjálfsagt væri, að mati Alþingis, að veita meira til listskreytinga þar sem ljóst væri að almenningur nyti þeirra betur, eins og til dæmis í sjúkrastofnunum.

Við viljum í þessu samhengi minna á að ákvæði um þetta lágmark var bætt inn í Myndlistarlög að frumkvæði allsherjar- og menntamálanefndar vegna þess ófnis sem framkvæmd fyrri laga var komin í. Hér er tilvitnun í rökstuðning nefndarinnar frá 2012:

Lög nr. 46/1998, um listskreytingar opinberra bygginga og Listskreytingasjóð ríkisins, leystu af hólmi lög um Listskreytingasjóð ríkisins, nr. 71/1990. Í lögunum var reynt „að tryggja svo sem auðið er framkvæmd þeirrar meginreglu að listskreyting sé þáttur í hverri byggingu sem reist er á vegum ríkisins með því að lögbinda að 1% af heildarkostnaði við bygginguna skuli varið í þessu skyni“ eins og segir í athugasemdum við frumvarpið. Samkvæmt þessum lögum var það á ábyrgð þeirra sem forræði höfðu fyrir hverri byggingarframkvæmd að tryggja að þessari lagaskyldu væri framfylgt. Reynslan sýnir að þetta hefur ekki alltaf gengið eftir og í of mörgum tilvikum hefur fé til listskreytinga, 1% af heildarbyggingarkostnaði, verið skorið niður að hluta eða alfarið í sparnaðarskyni.

Út frá þessu væri ljóst að sú tillaga sem nú liggur fyrir þýddi að framkvæmd laganna yrði að öllu leyti óásættanleg eins og dæmin frá því fyrir 2012 sýna. Við viljum minna á í þessu samhengi að mjög góð sátt var um þessi lög þegar þau voru samþykkt með 98% greiddra atkvæða árið 2012.

Fyrir hönd stjórnar SÍM,

Hlynur Helgason

Varaformaður SÍM

SAMBAND ÍSLENSKRA MYNDLISTARMANNA
THE ASSOCIATION OF ICELANDIC VISUAL ARTISTS

Hafnarstræti 16, 101 Reykjavík

s. 551 1346

sim@sim.is

www.sim.is

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
Sent með tölvupósti á umsagnir@althingi.is

Reykjavík, 30. október 2024

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á myndlistarlögum, nr. 64/2012 (framlag til listaverka í nýbyggingum)

Samtök arkitektastofa (hér eftir „samtökin“) hafa tekið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á myndlistarlögum, nr. 64/2012 og vilja koma eftirfarandi sjónarmiðum á framfæri.

Samtökin leggjast alfarið gegn þeirri fyrirætlun að fella brott 14. gr. myndlistarlaga. Ákvæðið kveður á um að hið opinbera skuli verja a.m.k. 1% af heildarbyggingarkostnaði opinberrar nýbyggingar til listaverka í henni og umhverfi hennar. Samtökin telja mikilvægt að ákvæðið haldi gildi sínu sem og að því sé fylgt eftir í framkvæmd en brotalöm hefur verið á því að svo sé.

Í greinargerð um frumvarpið segir að 1) listaverk hafi hvorki áhrif á notkunarmöguleika byggingar né þá starfsemi sem byggingin hýsir og 2) gæði listaverka séu eingöngu byggð á huglægu mati en fagurfræðilegt mat sé ávallt háð persónulegri skoðun hvers og eins og því ómögulegt að slá því föstu að tiltekið listaverk sé betra eða fegurra en önnur. Að mati samtakanna lýsa þessar fullyrðingar vanþekkingu og skilningsleysi á tilgangi listar í almannarýmum.

Hvað varðar fyrri fullyrðinguna þá er hlutverk listaverks á engan hátt að hafa áhrif á notkunarmöguleika eða starfsemi byggingar. Listin er til upplifunar og ánægju. List í almannarými hefur tilgang í sjálfri sér og hafa þjóðarleiðtogar skilið það hlutverk hennar í árþúsundir. Samtökin eru jafnframt ósammála seinni fullyrðingunni en ef hún ætti við rök að styðjast yrði að telja til lítils gagns að starfrækja listfræðikennslu hér á landi. Þess má geta að alþjóðlegt efnahagskerfi myndlistar velti tæplega 9400 ma.kr. árið 2022 eða um sexföldum fjárlögum næsta árs. Þeir alþjóðlegu fjárfestar og stofnanir sem eru þátttakendur í því skilja að á bak við virði listar liggur flókið net matskerfa og fagmennsku sem tryggir að fjárfestingin er traust, markviss og skynsöm og skilar víðari virðisauka en hinum fjárhagslega. Gera þarf greinarmun á persónulegum smekki einstaklinga og gæðamati lista.

Þá benda samtökin á að hugtakið listaverk er skilgreint rúmt í 14. gr. myndlistarlaga en með hugtakinu er átt við „... hvers konar fasta og lausa listmuni, svo sem veggskreytingar innan húss og utan, höggmyndir, málverk, myndvefnað og aðra listræna fegrun. Þá getur listaverk verið eiginlegur byggingarhluti, að hluta eða í heild, og óíjúfanlegur hluti af byggingu eða umhverfi hennar.“ Því eru ýmsir möguleikar uppi til að fullnægja umræddri lagaskyldu með þarfir ólíkra rýma í huga. Á sama hátt og samtökin telja mikilvægt að listinni sé veitt vægi í nýbyggingum á vegum hins opinbera benda samtökin á að rétt er að huga að henni jafnframt við endurgerð og endurbætur á opinberum byggingum.

f.h. Samtaka arkitektastofa

Halldór Eiríksson,
stjórnarformaður